

Jónas Tomasson

WINTER TREES

for violin solo



Vetrartré

Hlíf Sigurjónsdóttir er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara, fór til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff og nam síðar hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg.


Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, Bandaríkjunum og í Kanada. Hún hefur frumflutt mörg tónverk sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana, leikið inn á upptökur fyrir útvarp og sjónvarp og geisladiska við frábæran orðstír. Tónlistargagnrýnandi Morgunblaðsins gaf geisladisknum 44 Dúó með verkum eftir Béla Bartók fimm stjörnur með orðunum „Þjóðleg innlifun á heimsmælikvarða“. Í ágúst 2008 kom út tvöfaldur geisladiskur með leik hennar á öllum þremur sönötum og þremur partítum eftir Johann Sebastian Bach.



„Jónas Tómasson samdi Vetrartré fyrir mig vorið 1983, en þá hafði ég kennt tvo vetur á Ísafirði. Síðari veturinn hafði verið með afbrigðum snjóþungur og þegar ég kvaddi Ísafjörð í júní með Vetrartrén í farteskinu voru enn fannir í garðinum hjá Jónasi og Sögu og var Jónas að hlúa að trjám og saga greinar sem brotnað höfðu undan fargi vetrarins“.

Að loknu námi í Reykjavík, meðal annars hjá þeim Jóni Þórarinssyni og Þorkatli Sigurbjörnssyni, hélt **Jónas Tómasson** til framhaldsnáms í Amsterdam 1969 – 72 hjá þeim Ton de Leeuw, Léon Orthel og Jos Kunst. Nú kennir Jónas við Tónlistarskóla Ísafjarðar og hefur hann jafnframt stjórnað ýmsum hljóðfæraveitum og kórum bæjarins. Þessar kringumstæður hafa örvað Jónas til að semja fyrir þá tónlistarmenn og hljóðfæraflokka sem hann starfar með. Eftir hann liggur fjöldi verka og þar eru hljómsveitar-, kammer- og kórverk mest áberandi. Oftast er tónlist hans hægferðug, innhverf og mjög frjáls í formi.



Hlíf Sigurjónsdóttir furthered her violin studies at the Universities of Indiana and Toronto and at the Banff School of Fine Arts. Later she took private lessons with the renowned violinist and teacher Gerald Beal in New York. During her studies she was fortunate enough to work with many of the leading musicians of the twentieth century such as William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Ruccio Ricci and Igor Oistrach.

Hlíf has performed numerous concerts as a soloist or with various ensembles and symphony orchestras. Concert sites include New York - Weill Hall at Carnegie Hall and Washington DC as a part of the Embassy Series.

Her CD of Béla Bartók's 44 Duos (with violinist Hjörleifur Valsson) has received excellent reviews e.g. from the music critic at the Washington Post. The double CD with all 3 Sonatas and 3 Partitas for solo violin by J.S. Bach was released in fall 2008.

"The winter of 1982 – 83 was my second year of teaching at the Music School in Ísafjörður, a small fishing town of 2500 inhabitants in North West Iceland. The town is situated on a small strip of land in a narrow fjord with high and steep mountains all around, completely void of woods. The only trees are found in people's gardens. The sun doesn't shine in the town for six weeks during the darkest time of the winter. There were severe storms and a lot of snow. At times we were snowed in and I felt very isolated. When spring came I found my friend Jónas in his garden cutting down and trimming damaged trees from the winter. There was still snow on the ground when I left at the end of June, with Wintertrees in my bag. It was a winter of intense emotional experiences. It was the winter my father died, I met my future husband and partner and made friends for life.

I do hear the storms, the snow, the sadness, the darkness, the loneliness and the joy of the light, the miracle of the sun and the joys of dear friendships."

Educated in the Netherlands with Ton de Leeuw, Léon Orthel and Jos Kunst, composer **Jónas Tómasson** (b. 1946) teaches flute and music theory at the Music School of Ísafjörður and conducts local choirs and music ensembles.

His position at a community school encourages him to compose for fellow musicians and available instruments, resulting in a great variety of music, vocals - solo works and symphonies. His music has been defined as momentary, each composition being a series of 'moments' rather than a single idea which is developed.

Hlíf Sigurjónsdóttir

fiðluleikari / violinist



Vetrartré

*góð tré
sorgmædd tré
óð tré
þögul...*

Winter Trees

*good trees
sad trees
mad trees
quiet...*

Cover Drawing / teikning á forsíðu: Jónas Tómasson